

Reykjavík, 20. ágúst 2012.

Kynning á samræmdum könnunarprófum í 7. bekk 2012

Ágæti nemandi.

Samræmd könnunarpróf eru lögð fyrir nemendur í 7. bekk að hausti ár hvert. Prófin verða að þessu sinni lögð fyrir dagana 20. og 21. september, fyrst íslenska svo stærðfræði. Hér á eftir eru upplýsingar og leiðbeiningar svo þú áttir þig betur á prófunum og ekkert þurfi að koma á óvart við próftökuna.

Hvað eiga prófin að mæla? Markmið með fyrirlögn prófanna eru aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólayfirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda.

Hvernig er prófunum háttað?

Mæting: Samræmd könnunarpróf hefjast klukkan 9:00. Skólinn ákveður hvenær nemendur eiga að mæta. Áður en próf geta hafist þarft þú að koma þér fyrir, merkja prófgögn og kennari að taka manntal. Prófin eru í tveimur lotum sem hvor um sig er 70 mínútur að lengd. Tuttugu mínútna hlé er á milli próflota.

Undirbúningur: Það er mikilvægt að þú mætir í prófin með því hugarfari að tilgangur þeirra sé að meta stöðuna í viðkomandi námsgreinum. Alla jafna kynna skólar nemendum prófin og láta þá þreyta eldri próf í æfingarskyni. Ekki er ástæða til að skapa mikla streitu vegna þeirra. Mikilvægt er að vera vel sofinn og að borða morgunverð fyrir prófin. Gert er ráð fyrir að nestis sé neytt í hléi milli próflota.

Á meðan á prófum stendur: Þú átt að skrifa nafn þitt og skólans á prófheftin. Ef búið er að merkja prófheftin skaltu athuga hvort það er þitt nafn sem er á heftinu. Mikilvægt er að vinna jafnt og þétt í prófinu.

Yfirlit um hvort próf fyrir sig:

Íslenska

Íslenskuprófið skiptist í stafsetningu, málnotkun, ritun og lestur.

Fyrri lota hefst á stafsetningu þar sem þú ritar orð eftir upplestri, svarar málfræðisþurningum, vinnur ritunarverkefni og verkefni í lestri.

Í seinni lotu lestu fjórar sögur og svarar spurningum úr þeim. Nemendur sem fá lestrarstuðning geta hlustað á tvær af þessum sögum. Spurningum í þessari lotu á að svara á svarblað. Bókstafir auðkenna svarmöguleika (*a b c d i* í fyrstu spurningu, *f g h i* í næstu o.s.frv.). Þetta kerfi er endurtekið á fimm spurninga fresti. Þú setur kross í þann reit sem þú ætlar að merkja við. Ef þú ætlar að breyta merkingu er einfaldast að krossa í nýja reitinn en fylla alveg upp í reitinn þar sem kross er fyrir. Aldrei á að krossa við tvo reiti. Ef þú ert ekki viss um hvað er rétt, velur þú það sem þú telur vera réttast.

Stærðfræði

Í stærðfræði er eitt prófhefti fyrir hlé og annað eftir hlé. Óheimilt er að nota vasareikni í fyrri hlutanum en hann má nota í seinni hlutanum. Mikilvægt er að sýna útreikninga þó að vasareiknir sé notaður. Þú skráir hvað þú ert að gera og útkomu þar sem við á. Meginreglan er að opin dæmi vega tvö stig. Í opnum dæmum eru gefin stig fyrir áfanga að réttu lausn. Því er mjög mikilvægt fyrir þig að sýna vinnu þína í prófheftinu. Í seinni lotunni er notað svarblað.

Fyrir hönd Námsmatsstofnunar



Sigurgrímur Skúlason



Reykjavík, 20. ágúst 2012.

Ágæti forráðamaður.

Þann 20. og 21. september næstkomandi verða samræmd könnunarpróf lögð fyrir í 7. bekk grunnskóla. Prófað verður í íslensku þann 20. og stærðfræði þann 21. september.

Markmið með fyrirlögn prófanna eru aðallega tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa upplýsingar um að hvaða marki nemendur hafa náð grundvallarkunnáttu og færni sem frekara nám byggir á. Í öðru lagi að vera foreldrum, kennurum og skólafirvöldum til leiðbeiningar um námsstöðu nemenda. Með því að leggja samræmd könnunarpróf fyrir að hausti, gefast tækifæri til að nýta niðurstöður þeirra við skipulag náms og kennslu.

Prófin hefjast klukkan 9:00 og þurfa nemendur að mæta á þeim tíma sem skólinn ákveður. Talsverður munur er á þroska og getu barna á þessum aldri sem reynt er að mæta með rúmum próftíma. Eldri próf eru aðgengileg á vefsvæði Násmatsstofnunar http://www.namsmat.is/vefur/samr_prof/grunnskolar/samramd.html.

Efni samræmdra könnunarprófa miðast við aðalnámskrá grunnskóla, einkum námsmarkmið sem ætluð eru 5. og 6. bekk. Aðalnámskrá dregur fram meginlínur í námi en skólar hafa sveigjanleika í útfærslu á henni og einnig er námshraði einstakra nemenda breytilegur. Samræmd könnunarpróf taka mið af þessu og er efni þeirra því mjög fjölbreytt. Í þeim eru prófverkefni sem eiga að reyna á slaka jafnt sem sterka námsmenn.

Nemendur í 7. bekk munu nota svarblað í seinni lotu íslenskuprófsins. Svarblaðið er byggt upp með svipuðum hætti og þau sem notuð hafa verið í 10. bekk í mörg ár. Hægt er að skoða svarblöð á vefsíðu Násmatsstofnunar. Reitir á svarblöðum eru hafðir stærri en fyrir 10. bekk.

Nokkrar ólíkar tegundir einkunna verða notaðar á samræmdum könnunarprófum. Nemendur fá eina heildareinkunn fyrir hvort próf og jafnframt eina einkunn fyrir hvern námsþátt í prófi. Nemendur fá samræmdar einkunnir sem eru hefðbundnar einkunnir. Þeir fá einnig raðeinkunn sem sýnir stöðu nemenda miðað við allan árganginn, markbundna einkunn sem tengd er við markmið aðalnámskrár og dæmigerð prófverkefni sem nemendur hafa vald á. Að síðustu eru notaðar normaldreifðar einkunnir og framfaratölur við ýmsa útreikninga og skýrslugerð.

Mikilvægt er að nemendur séu vel upplagðir, hafi fengið góðan nætursvefn og borðað morgunmat að morgni prófdaga. Einhver röskun getur orðið á skólastarfi þessa daga. Gert er ráð fyrir að nestis sé neytt í hléi milli próflota.

Einkunnir nemenda verða sendar til skóla í lok október og í framhaldi af því eiga forráðamenn að fá einkunnir barna sinna sendar heim frá skólunum. Ekki er ástæða fyrir foreldra að undirbúa börnin sérstaklega fyrir prófin enda eru þau hluti af hefðbundnu skólastarfi og ætlað að meta námsstöðu nemenda.

Fyrir hönd Násmatsstofnunar

Sigurgrímur Skúlason